



Listfengir öldungar

Öldungadeild Læknafélags Íslands heldur uppteknum hætti og stendur fyrir öflugu félagsstarfi. Hópurinn kom saman til (jóna)hátíðarkvöldverðar í Norræna húsinu á degi heilagrar Lúsíu, 13. desember. Víkingur Heiðar Ólafsson lét andann koma yfir samkomuna með því að leika Debussy, Mendelsohn, Beethoven og Pál Ísólffson. Síðasta lagið á dagskrá var Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns í útsetningu Víkings Heiðars og sem hann lék í minningu afa síns og nafna, Víkings Arnórssonar, og ömmubróður síns, Páls Gíslasonar.

Á Læknadögum bæta öldungar við snúningi og standa fyrir málþingi miðvikudaginn 18. janúar undir yfirskriftinni *Fóru öldungadeildar, list og fræði*. Þar verður fléttað saman umfjöllun um listsköpun eldri lækna, ljóð og myndlist, en einnig verður rætt um nýjungar í öldrunarlækningum og hvort lækna velja sérgrein sína eða sérgreininni lækninn.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Gleðilegt ár! Nú í upphafi árs þegar fólk hugar að nýjum dagatölum og dagbókum er við hæfi að beina sjónum að dagbókarfærslum myndlistarmannsins **Sigtryggs Bergs Sigmarssonar** (f. 1977). Hann hefur um langt skeið safnað teikningum sem hann gerir dag hvern og merkir stund og stað. Eins og sjá má eru teikningarnar á mörkum hins figúratífa og óhlutbundna, sumar minna á teiknimyndafígúrum og aðrar á sjálfsprottnar myndir abstraktlistamanna. Teikningarnar virðast unnar frekar hratt í röggsum stökum þar sem tilviljun ræður að hluta til. Síðan er nostrað við stöku hluta hér og þar í krókum og kimum sem teikningin afmarkar. Ýmist er unnið með einu eða fleiri verkfærum í senn og jafnvel bæði hægri og vinstri hönd notaðar til verksins. Sigtryggur er að safna dagbókarfærslum í bókverk sem brátt lítur dagsins ljós og ber heitið **Ein Haufen Berg** eða Fjallshrúga. Þýskur orðaleikur listamannsins með eigin nafn á rætur að rekja til þess að hann bjó um árabíl í Þýskalandi. Þar stundaði hann myndlistarnám



í Hannover og lauk meistaraáráðu frá Fachhochschule Hannover Bildende Kunst árið 2003. Auk hinnar reglulegu ástundunar teikningar fæst Sigtryggur við málverk en þau eru í svipuðum anda, litrík og full af fjöri. Hann er jafnframt ötulur gjörningamaður og sem slíkur treður hann gjarnan upp í hlutverki hins skjálfandi taugatrekta listamanns sem virðist berjast við að hemja sköpunargleði sína og finna henni einhvern mótaðan farveg. Með myndlistarsköpun fæst Sigtryggur jöfnum höndum við tónlist og þá helst með hljómsveitinni Stilluppsteypu sem er kunn fyrir framsækni í hljóðheimi sínum sem rambur á mörkum óhljóða og tónlistar. Af verkum hans í ólíka miðla er hægt að greina samsvörum sem felst í sífelldri leit á mörkum skipulags og ringulreiðar. Þannig sver hann sig í ætt við listamenn eins og Dieter Roth sem bjó hér á landi á seinni hluta síðustu aldar og hafði mikil áhrif á íslenskt listalíf – og hefur ef til vill enn.

Markús Þór Andrésson